



Bæjarráð Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Hafnarfirði, 31. janúar 2017

Efni: Ósk um húsnaði fyrir starfsemi Leikfélags Hafnarfjarðar

Ágæta bæjarráð,

Leikfélag Hafnarfjarðar (LH) óskar eftir viðræðum við Hafnarfjarðarbæ með það fyrir augum að bærinn útvegi húsnaði fyrir starfsemi leikfélagsins. Vísað er til afgreiðslu bæjarráðs á fundi þess þann 17. nóvember sl. þar sem bæjarstjóra var falið að ræða við LH.

LH var stofnað haustið 1936 í Hafnarfirði. Á þeim áttatíu árum sem síðan eru liðin hefur leikfélagið átt sinn sess í menningarflóru bæjarins. Það hefur fóstorað margt leikaraefnið og glatt margan Gaflarann, sem og nærsveitamenn. LH hefur í gegnum árin getið sér gott orð fyrir að hafa haft á að skipa valinkunnu liði leikara, leikstjóra og handritshöfunda og metnað í uppsetningum verka. Á síðasta ári var leikritið Ekkert að Óttast eftir höfundasmiðju félagsins valin athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins og í kjölfarið sýnd í Þjóðleikhúsinu. Einnig hlotnaðist félaginu sá heiður á síðasta ári að sýning þess á Ubba kóngi var valin úr stórum hópi til sýningar á alþjóðlegri leiklistarhátíð í Austurríki og hefur nú sama verk verið valið til flutnings í Mónakó á virtustu hátíð heims á sviði áhugaleiklistar. Einungis tvisvar áður hefur Íslendingum verið boðin þátttaka á þessari hátíð – og svo skemmtilega vill til að í annað þeirra tveggja skipta var það LH sem fékk boðið. Leikfélagið er því þessi misserin að bera hróður sinn og sinnar heimabyggðar víða.

En betur má ef duga skal þar sem endurnýjun í félagahópnum hefur verið lítil á síðustu árum og svigrúmið til þess að bæta úr því hefur verið lítið sem ekkert vegna aðstöðuleysis sem dregið hefur verulega úr möguleikum félagsins til blómlegrar og líflegrar starfsemi.

Til þess að áhugaleikfélag geti þrífist innan bæjarfélags sem raunhæfur valkostur fyrir íbúa, hvort sem er til þess að taka þátt í starfseminni eða njóta afraksturs hennar, þarf það að hafa aðgang að aðstöðu allan ársins hring. Á þeim forsendum var samstarfssamningi við Gaflaraleikhúsið rift á seinasta ári, enda hafði stöðugt þrengst að þeim fáu vikum á ári sem samningurinn kvað á um að LH fengi til umráða í því húsi. Leikfélagið varð því formlega húsnaðislaust í desember sl.

Nú munum við bráðlega missa geymsluhúsnaðið sem við höfum haft á Lækjargötu 2, Dvergi. Þar geymir LH leikmyndir, ljósabúnað, leikmuni og búninga, sem og aðrar eigur félagsins. Nauðsynlegt er að finna þessum hlutum nýjan geymslustað.

Það liggur í augum uppi að lítið áhugaleikfélag hefur ekki burði til þess að standa eitt undir leigu á húsnæði, þó ekki þurfi aðstaðan að vera stór til þess að við getum gert stóra hluti.

Leikfélag Hafnarfjarðar vonast því til þess að bæjarráð og bæjarstjóri sjái hag í því fyrir Hafnarfjörð og íbúa hans að starfsemi félagsins leggist ekki af, heldur nái að blómstra sem aldrei fyrr með aðstoð bæjarins.

Virðingarfyllst,



Gísli Björn Heimisson,  
formaður Leikfélags Hafnarfjarðar.

Samrit:  
Bæjarstjóri Hafnarfjarðar, Haraldur L. Haraldsson